


PBS Gullmoli

Leyninemandinn



Segðu bekknum að á hverjum degi setjir þú nafn á einni persónu í umslag. Þú ætlir að fylgjast með þessum einstaklingi og ef hann fer eftir fyrirmælum, sýnir kurteisi og gengur vel um (eða hvaða atriði þú vilt leggja áherslu á) þá vinni hann inn verðlaun fyrir bekkinn.

Mikilvægt er að athuga að: 1) ef leyninemandinn fylgir ekki reglunum má ekki snúa bekknum á móti nemandanum með því að segja hver leyninemandinn er heldur aðeins segja „mjög leiðinlegt en leyninemandinn náði ekki að fara að reglunum í dag, við reynum aftur á morgun“. 2) Ef leyninemandinn hefur átt frábæran dag þá segirðu bekknum hver leyninemandinn er þann dag.

Þetta hjálpar bekknum við að skilgreina góða hegðun og er frábær uppörvun fyrir nemandann þennan daginn.